



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 19. apríl 2022

Fyrirkomulag á greiðslu ferðapátttökugjalds árið 2022

Ágætu félagar,

Staðfest hefur verið fyrirkomulag á greiðslu ferðapátttökugjalds fyrir árið 2022 í samræmi við reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald 2020-2022. Ferðapátttökugjald er reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla og 4. deild karla. Ferðapátttökugjaldið er reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs.

Úr reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald 2020-2022:

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapátttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðinni er ætlað að stuðla að auknum jöfnuði félaga gagnvart ferðakostnaði.

Ferðapátttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla og 4. deild karla. Ferðapátttökugjaldið skal reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs. Við útreikninga skal miða við kílómetragjald sem stjórn KSÍ ákveður fyrir keppnislið í heild sinni. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðarinnar.

Viðmiðunargjaldið fyrir **árið 2022** er 300 kr. pr. kílómetra, greiðsluhlutfall 100%.

Nettókostnaður vegna ferðapátttökugjalds á hvert lið umfram kr. 150.000,- fyrir árið 2022 verður greiddur af KSÍ. Ferðapátttökugjaldið skal greitt eigi síðar en 15. maí ár hvert og skal upphæðin vera nettó kostnaður á hvert félag fyrir sig.

Þau félög sem eignast inneign vegna ferðapátttökugjalds í samræmi við útreikning á ferðapátttökugjaldi fyrir árið 2022 munu fá inneign greidda frá KSÍ.

Útreikningur á ferðapátttökugjaldi fylgir þessu dreifibréfi.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við Bryndísi Einarsdóttur (bryndis@ksi.is) eða Birki Sveinsson (birkir@ksi.is).

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.